



Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
b/t Hildar Edwald  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Dalvík 19.febrúar 2019

## 149. löggjafarþing 2018–2019.

Þingskjal 136 — 136. mál.

Frumvarp til laga um endurgreiðslur til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda.


### Umsögn frá Dalvíkurbyggð

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar fagnar framkomnu frumvarpi til laga um endurgreiðslur til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda.

Verði frumvarpið að lögum mun það skipta sköpum fyrir íþróttafélög í Dalvíkurbyggð. Mörg þeirra hafa í gegnum tíðina lagt mikið að mörkum við að byggja upp sín mannvirki, staðið í fjáröflunum og lagt að baki stórfellt sjálfbóðastarf til að bæta sína aðstöðu. Má þar nefna Skíðafélag Dalvíkur, Golfklúbbinn Hamar, Hestamannafélagið Hring og Ungmennafélögin í byggðarlaginu.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar lítur á það sem réttlætismál að lög heimili endurgreiðslur til félagasamtaka sem nemur virðisaukaskatti vegna uppbyggingar aðstöðu og framkvæmda við mannvirki. Með slíkri endurgreiðslu lækkar stofnkostnaður við framkvæmdirnar og gerir félögunum frekar kleift að standa straum að nauðsynlegri uppbyggingu. Uppbygging á íþróttaaðstöðu er einn af lykilþáttum í að gera sveitarfélög að eftirsóknarverðum búsetukosti fyrir fjölskyldufólk þannig að hér er um stórt byggðarsjónarmið að ræða.

Virðingarfyllt

  
Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri

